

## ERINDISBRÉF

fyrir stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins.

1. gr.

Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins er skipuð samkvæmt lögum nr. 54 1961, 1. gr.

2. gr.

Formaður kallar stjórnina til funda, þegar hann telur þörf á, eða ef einhver úr stjórninni eða forstöðumaður safnsins óskar þess. Formaður stýrir fundum.

3. gr.

Stjórnin velur sér ritara, og ritar hann fundargerðir. Þar skal greina frá öllum ákvörðunum, sem teknar eru, og viðstaddir fundarmenn undirrita allir fundargerðina.

4. gr.

Stjórnin leggur árlega í tæka tíð áætlun um tekjur og gjöld Fræðslumyndasafnsins næsta ár fyrir menntamálaráðuneytið. Þar skal í meginatriðum gerð grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja væntanlegum árstekjum.

5. gr.

Stjórnin hefur gát á því, að rekstri safnsins sé hagað í samræmi við tilgang þess og gildandi lög og reglur um það efni. Hún tekur í samráði við forstöðumann ákvarðanir um meginatriði í rekstri þess.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk að safninu í samráði við forstöðumann og í samræmi við 4. gr. laga um Fræðslumyndasafn ríkisins. Hún hlutast til um, að safnið hafi húsakynni, sem fullnægjandi eru fyrir starfsemi þess.

7. gr.

Þegar tiltækilegt þykir að auka starfsemi safnsins nýjum þáttum skv. 2. gr. laga um Fræðslumyndasafn ríkisins, gerir stjórnin tillögur um það í samráði við forstöðumann þess og leggur þær fyrir menntamálaráðuneytið.

*Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*